



1. bekkur

2020-2021

Árganganámskrá

Efnisyfirlit

INNGANGUR	4
ÍSLENSKA	5
MARKMIÐ	5
NÁMSEFNI	6
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	7
NÁMSMAT	7
STÆRÐFRÆÐI	8
MARKMIÐ	8
NÁMSEFNI	9
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	10
NÁMSMAT	10
SAMFÉLAGSFRÆÐI/NÁTTÚRUFÆÐI	11
MARKMIÐ	11
NÁMSEFNI	12
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	13
NÁMSMAT	14
LÍFSLEIKNI/RÉTTINDAFRÆÐSLA	15
MARKMIÐ	15
NÁMSEFNI	16
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	16
NÁMSMAT	16
HEIMILISFRÆÐI	17
MARKMIÐ	17
NÁMSEFNI	17
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	17
NÁMSMAT	17
SMÍÐI OG HÖNNUN	18
MARKMIÐ	18
NÁMSEFNI	18
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	18
NÁMSMAT	18

TEXTÍLMENNT **19**

MARKMIÐ	19
NÁMSEFNI	20
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	20
NÁMSMAT	20

MYNDMENNT **21**

MARKMIÐ	21
NÁMSEFNI	21
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	21
NÁMSMAT	21

TÖLVUR OG UPPLÝSINGAMENNT ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.

MARKMIÐ	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
NÁMSEFNI	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
NÁMSMAT	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.

ÍÞRÓTTIR **23**

MARKMIÐ	23
NÁMSEFNI	23
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	23
NÁMSMAT	23

SUND **24**

MARKMIÐ	24
NÁMSEFNI	24
LEIÐIR AÐ MARKMIÐI	24
NÁMSMAT	24

Inngangur

Skólanámskrá er starfsáætlun Flataskóla og er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla þar sem dregin er fram sérstaða skólans og staðbundnar aðstæður. Henni er ætlað að lýsa meginmarkmiðum og fyrirkomulagi skólastarfs í skólanum og vera upplýsandi fyrir alla þá er að starfinu koma eða tengjast því á einhvern hátt. Skólanámskráin byggir auk þess á skólastefnu Garðabæjar, starfsmanna, fjölskyldu og umhverfisstefnu bæjarins ásamt jafnréttisáætlun fyrir Garðabæ. Skólanámskrá er vistuð á heimasíðu skólans. Einnig er hægt að nálgast eintak af skólanámskránni á bókasafni skólans.

Námsmat

Mat á hæfni og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi Flataskóla. Megintilgangur námsmatsins er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Markmið skólastarfsins er margvíslegt og matsaðferðirnar í Flataskóla endurspeglar áherslur í kennslu og taka mið af nemendahópnum. Flataskóli er með leiðsagnamat í hverri námsgrein sem gengur út á að nemendum er með endurgjöf stöðugt leiðbeint áfram með nám sitt. Hverjum nemanda fylgir svokölluð námsmatsmappa þar sem öllu námsmati er komið fyrir jafnóðum og það verður til. Tvisvar sinnum yfir árið fara fram nemenda- og foreldrasamtöl, annað í október og hitt í febrúar og fara nemendur heim með námsmatsmöppurnar fyrir samtölin til að sýna foreldrum. Í bæði skiptin er farið yfir það námsmat sem liggur fyrir með viðeigandi lausnum til framfara.

Markmið eru almennt metin á 5 stiga kvarða eftir því hvernig nemanda hefur tekist að ná settum markmiðum árgangsins í hverri grein fyrir sig (sjá mynd hér að neðan).

Frammistaða/kvarði	Umsögn
Framúrskarandi árangur (A)	Framúrskarandi hæfni og frammistaða í greininni með hliðsjón af markmiðum námsgreinar.
Mjög góður árangur (B+)	Mjög góð hæfni og frammistaða í greininni með hliðsjón af markmiðum námsgreinar.
Góður árangur (B)	Góð hæfni og frammistaða í greininni með hliðsjón af markmiðum námsgreinar.
Nokkuð góður árangur (C)	Nokkuð góð hæfni og frammistaða í greininni með hliðsjón af markmiðum námsgreinar.
Markmiðum ekki náð (D)	Hæfni og frammistöðu í greininni ábótavant með hliðsjón af markmiðum námsgreinar.

--	--

Íslenska

Markmið

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemendur:

- fái tækifæri til að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum
- fái tækifæri til að segja frá eigin reynslu eða segja frá ákveðnum hlut
- endursegi og/eða lesi eigin sögur og ljóð upphátt fyrir bekkjarfélaga sína
- kynnist þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu
- fái tækifæri til að nota leikræna tjáningu
- fái tækifæri til að syngja algenga íslenska barnasöngva
- hlusti á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og flutt eru á annan hátt, t.d. af hljóð- eða myndbandi
- hlusti á fyrirmæli kennara og fari eftir þeim
- skoði myndir og segi frá efni þeirra
- fái tækifæri til að hlusta á upplestur á stuttum og lengri sögum eftir íslenska og erlenda höfunda

Ritun

Að nemendur:

- þekki skriftaráttina
- þjálfist í að draga til stafs
- semji texta við eigin myndir og annarra og skrifi sjálfur eða með aðstoð
- skrái sjálfur eða með aðstoð frásagnir um atburði úr eigin lífi og út frá lesnum texta

Lestur og bókmenntir

Að nemendur:

- læri stafina og hljóð þeirra
- kynnist rími og hrynjandi, bókstöfum, orðum og setningum
- vinni verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi
- fái tækifæri til að efla lesskilning með því að vinna fjölbreytt verkefni við hæfi
- fái tækifæri til að lesa bækur við hæfi, að eigin vali og vali kennara
- kynnist þekktum íslenskum þjóðsögum
- læri nokkrar einfaldar vísur og ljóð til söngs
- fari á skólasafn og skoði/lesi þar bækur
- fái tækifæri til að lesa bækur sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga
- vinni fjölbreytt verkefni sem örvar lestrarnám

Málfræði

Að nemendur:

- læri m.a. að þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð og málsgrein/setning í tengslum við lestrarnám
- fái tækifæri til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt
- fái tækifæri til að leika sér með tungumálið, t.d. með rími og orðaleikjum

Námsefni

- Lestrarlandið lestrarbók
- Lestrarlandið vinnubók 1+ og 2+
- Vefur - <http://vefir.nams.is/lestrarland/index.html>
- Við lesum A og B
- Listin að lesa og skrifa 1 og 2
- Orðasafnið mitt (orðaskrift - heimavinna)
- Verkefni á veraldarvef

Byrjendalæsisverkefni í tengslum við bækur sem henta hópnum hver sinni.

Lestrarhefti og léttlestrarbækur við hæfi hvers og eins.

Leiðir að markmiðum

Nemendur hlusta á upplestur á völdum sögum í tengslum við stafainnlögn og ræða efni sögunnar og einstök orð og orðasambönd. Einnig eru lesnar sögur í tengslum við þemu og í nestistímum. Nýttir eru helstu þættir byrjendalæsis og hljóðaaðferðarinnar. Nemendur lesa í hljóði og vinna verkefni tengd textanum eftir lestrarfærni hvers og eins. Mikið af íslenskunáminu fer fram í gegnum stöðvavinnu þar sem unnin eru fjölbreytt verkefni tengd lestri, ritun og skrift. Eftir hverja stafainnlögn er unnið nánar með stafinn t.d. fönndrað, stafdráttur æfður og fleira. Nemendur lesa upphátt fyrir kennara a.m.k. 3 x í viku lestrarbækur við hæfi hvers og eins. Lögð er áhersla á að nemendur lesi heima 15 mínútur á dag a.m.k. 5 x í viku með foreldri. Nemendur æfa réttan stafdrátt með því að spora stafina, skrifa þá og vinna með þá á fjölbreyttan hátt. Einnig æfa nemendur stafsetningu eftir upplestri á algengustu orðum íslenskunnar. Lestraraðferðin Pals er notuð síðari hluta vetrar þegar nemendur eru aðeins komnir af stað í lestri.

Námsmat

Könnuð er stafabekking nemenda í skólabyrjun og lestrarkennsla skipulögð út frá því. Skimunarprófið „Lesferill“ er lagt fyrir nemendur í október. Einnig er lesfimi lestrarpróf lagt fyrir þá nemendur sem byrjaðir eru að lesa í september. Lesfimi lestrarpróf lagt fyrir alla nemendur í janúar og maí. Sérkennari kemur að í lestrarkennsluferli með bekkjarkennurum.

Markmið

Markmið í 1. bekk er að vinna með tölur og talnagildi upp í 20, hugtökin stærri en og minni en, fleiri og færri. Unnið er með samlagningu og frádrátt talna upp í 20 svo og með hugtökin talnavini, tug og einingu, flokkun, form og mynstur og talnalínu. Notkun hjálpargagna s.s. talnagrinda og kubba er mikilvægur hluti af stærðfræðinámi.

Vinna með tölurnar 0-20

Að nemendur:

- æfi rétta og læsilega tölustafaskrift
- þjálfist í að telja upp í 20 bæði áfram og aftur á bak
- vinni með töluna 10 og tengsl hennar innbyrðis (tíuvinirnir)
- Efli skilning á tugakerfinu með því að vinna með tug og einingu
- þjálfist í að nota stærðfræði í daglegu tali
- vinni hlutbundið með talnagildi

Vinna með samlagningu og frádrátt með tölum upp í 20

Að nemendur:

- þjálfir hugarreikning
- æfist í að leggja saman í huganum eins stafs tölur þar sem farið er yfir tug
- æfist í að skipta tölum í tugi og einingar og noti það í samlagningu
- þekki tengsl samlagningar og frádráttar
- Læri táknið plús (+), mínus (-) og jafnt og (=)
- þjálfir samlagningu og frádrátt upp í tíu með aðstoð talnalínu, peninga og talnagrindar/kúlnabands

Vinna með mælingar

Að nemendur:

- fái tækifæri til að vinna með lengdarmælingar við ýmsar aðstæður og með mismunandi hjálpartækjum t.d. með bandi, skrefum, blýöntum, bréfastemum og reglustiku
- þjálfist í að bera saman lengdir
- Vinni með orðaforða tengdan stærðfræði t.d. lengri/lengra - lengstur/lengst, styttri/styttra - stytur/styst
- þekki raðtölur
- þekki heiti og röð vikudaganna
- Tilgreini lengdir með óstöðluðum mælieiningum
- Kynnist stöðluðum mælieiningum sentimetra og metra

Vinna með tölfræði

Að nemendur:

- Búi til súlurit og noti það til talningar
- Flokki eftir ýmsum eiginleikum eða einkennum
- Sýni fjölda í súluriti
- Lesi úr súluriti

Form og myndir

Að nemendur:

- Kynnist eiginleikum og einkennum þrívíðra forma: kúla, sívalningur og ferstrendingur

Námsefni

Sproti 1a, nemendabók

Sproti 1a, æfingahefti

Sproti 1b, nemendabók

Sproti 1b, æfingahefti

Sproti 2a nemendabók

Sproti 2a æfingahefti

Viltu reyna

Í undirdjúpunum

Verkefni fyrir vasareikni

Ýmis önnur verkefni bæði verkleg og skrifleg

Leiðir að markmiðum

Eitt viðfangsefni er tekið fyrir hverju sinni þar sem nemendur vinna einstaklingslega eða í hópum. Viðfangsefnin eru talnaskilningur, talnavinir, tugur og eining, að skilja og vinna með tákni $+$, $-$ og $=$, form og mynstur og flokkun. Lögð er áhersla á að brjóta upp hefðbundna stærðfræðikennslu með verklegum æfingum og hlutbundinni vinnu og að tengja viðfangsefnið umhverfinu. Til dæmis er unnið með stærðfræðikubba, rökkubba, spil, pinnabretti og fleira.

Námsmat

Reglulegt leiðsagnamat, 2-3 markmið metin í hvert sinn og send heim til skoðunar.

Nemendur vinna kannanir í Sprotu jafnt og þétt sem kennari fer yfir.

Markmið

Skólinn minn og umhverfið

Að nemendur:

- kynnist skólanum og nágrenni hans
- læri um hverjir vinna í skólanum
- kynnist skólalóðinni
- læri um umferðarreglurnar
- búi til skólareglur/sáttmála
- kynnist skólafélögum
- skoði húsnæði skólans t.d. með því að telja og flokka

Álfar/tröll

Að nemendur:

- Kynnist þjóðsögum Íslendinga
- Auðgi í myndunaraflíð
- Þjálfist í ritun
- Þjálfist í gerð hugtakakorta
- Æfi myndsköpun
- Þjálfir framkomu og framsögn

Páskar

Kynning á dymbilviku og páskahátíð

Vísindi

Að nemendur:

- kynnist heimi vísinda
- vinni með segul
- vinni með stöðurafmagn

- kanni hvernig fallhlífar, skutlur og þyrilvængjur fljúga
- kanni hvaða hlutir fljóta/sökkva
- skoði líffæri með forritinu curyscope

Vorið

Að nemendur:

- átti sig á hvað er að gerast í náttúrunni á vorin
- læri um nokkrar tegundir farfugla
- fylgist með hvernig gróðurinn vaknar og breytist á vorin
- læri um nokkur smádýr
- læri um nokkur algeng tré í nánasta umhverfi
- læri um nokkrar algengar plöntur í nánasta umhverfi
- búi til bók með myndskreytingum og heitum

Námsefni

Skólinn minn og umhverfið

Komdu og skoðaðu umhverfið

Aðgát í umferðinni

Álfar/tröll

Ýmsar álfa- og tröllasögur t.d. 18 barna faðir í Álfheimum og Ástarsaga úr fjöllumum

Páskar

Páskasögur – námsefni fyrir yngri nemendur

Holy moly á Youtube

Vísindi

Vísindabók Villa

Tilraunabók barnanna

Vorið

Ýmis fróðleikur m.a. af internetinu (t.d. fuglavefurinn o.fl.)

Náttúran allan ársins hring

[Leiðir að markmiðum](#)

Skólinn minn og umhverfið

Við skoðum og lesum saman Komdu og skoðaðu umhverfið samhliða því að kynnst nýjum skóla og skólahúsnæði. Afrakstur þemans er harmonikkubók um viðfangsefnin: skólabygging, skólalóð/frímínútur, starfsfólk skóla og nesti. Einnig vinnum við með bókina Aðgát í umferðinni, ræðum umferðarreglur og umferðaröryggi, syngjum umferðarlag og flytjum á samveru.

Álfar/tröll

Kveikjan að þemanu er gönguferð út í hraun að leita að álfa- og eða tröllabústöðum. Eftir umræður gera allir nemendur sinn álf/ sitt tröll, skíra veruna og skrifa um hana frásögn. Rætt er um einkenni álfa og trölla og búið til hugtakakort. Allir nemendur kynna sína veru fyrir hópnum. Álfa- og tröllabyggð sköpuð úr verðlausu efni. Sögur um álfa og tröll lesnar og nemendur myndskreyta. Sett upp leikrit sem tengist álfum.

Páskar

Sagan um pálmásunnudag, skírdag, föstudaginn langa og páskadag lesin. Í framhaldinu er horft á myndbönd (Holy moly) sem tengjast dögnum. Umræður þar sem fjallað er um trúarbrögð almennt og hvaða trúarbrögðum þessi saga tilheyrir. Nemendur búa til litla harmonikkubók þar sem ein blaðsíða táknar einn dag (4 bls). Mynd er teiknuð af atburði dagsins og nafnið skrifað fyrir neðan.

Vísindi

Settar eru upp þrjár stöðvar í þremur stofum. Nemendur fara á þrjár stöðvar í hverri kennslustund í einni stofu. Í næstu vísindavinnu er farið á þrjár stöðvar í næstu stofu og þannig fara nemendur á allar stöðvar. Nemendur gera tilraunir með viðfangsefnin og læra þannig í gegnum uppgötvunarnám.

Vorið

Lesum stuttar frásagnir úr bókinni Náttúran allan ársins hring sem tengist viðfangsefninu hverju sinni. Í framhaldinu teikna börnin mynd af viðfangsefninu (fugl, tré, skordýr eða blóm) og skrifa heitið undir. Á þennan hátt er unnið með öll viðfangsefnin. Við setjum út skordýragildir og skoðum afraksturinn í víðsjá. Við förum reglulega í gönguferðir og fylgjumst með trjánum breytast/vakna í vorinu.

Námsmat

Skólinn minn og umhverfið

Vinnusemi og vinnubrögð metin jafnt og þétt.

Álfar/tröll

Virkni og áhugi nemenda metin.

Páskar

Virkni og áhugi metinn

Vísindi

Sjálfsmat eftir hverja kennslustund

Vorið

Sjálfsmat á vinnusemi og vinnubók

Lífsleikni/Réttindafræðsla

Réttindafræðsla býður upp á kjörnar aðstæður til að takast á við verkefni sem snúast með beinum hætti um grunnþættina sex: lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, læsi, heilbrigði og velferð og sköpun.

Áhersla verður lögð á jafnrétti, við erum öll jafn mikilvæg sem á þessari plánetu búum. Í því samhengi veltum við því líka fyrir okkur að við erum allskonar og jafn mismunandi og við erum mörg. Farið verður yfir helstu réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og réttindi sett í samhengi við skyldur og ábyrgð. Mörg þessara réttinda tengjast heilbrigði og velferð með beinum hætti. Þá förum við yfir það hvernig mörg réttindi okkar takmarkast við réttindi annarra og að taka þurfi tillit til náungans. Þannig bætum við læsi á samskipti manna og samfélagið í heild.

Einnig er lögð áhersla á að börn hafa rétt á því að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Þannig hafi þau mátt til að hafa áhrif. Við setjum þetta m.a. í samhengi við lýðræði og hvernig við getum með smáum aðgerðum haft áhrif. Ábyrgð foreldra og umönnunaraðila er skýrð og sett í samhengi við hvers vegna börn þurfa að hlusta á þau og hlýða þar sem þessir aðilar eiga ávallt að hugsa um hvað sé barninu fyrir bestu og vita það oft betur en barnið.

Varðandi sjálfbærni þá eru mannréttindi ein af grunnstoðum sjálfbærni – en þá fara saman, mannréttindi, umhverfi, samfélag og efnahagslíf. Hvernig allt þetta þarf að rúmast saman á einni plánetu því við höfum bara eina. Við veltum því fyrir okkur hvort að það ættu að vera til réttindi jarðarinnar og hvernig við tökum tillit til hvors annars og allra í heiminum með því að fara vel með plánetuna okkar.

Vináttuverkefni um bangsann Blæ þar sem unnið er með góð samskipti, hjálpsemi og vináttu.

Í lífsleiknitímum er lögð áhersla á að allir fái tækifæri til að tjá sig og að skoðanir annarra séu virtar. Hvatt er til gagnrýnnar og skapandi hugsunar. Lögð er áhersla á að allar hugmyndir og vangaveltur eigi rétt á sér, bæði í umræðum og verkefnum.

Markmið

Að nemandi geri sér grein fyrir því að við erum öll jafn mikilvæg þó við séum ólík og átti sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.

Að nemandi verði færari í að setja sig í spor annarra jafnaldra.

Að nemandi skilji hvers vegna bera skuli virðingu fyrir ólíkum skoðunum, siðum og venjum.

Að nemandi átti sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.

Að nemandi skilji helstu réttindi sín og skyldur samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Að nemandi átti sig á því að hann er hluti af stærra samfélagi og að hann geti haft áhrif.

Að nemandi geri sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti. Sett í samhengi við réttindi barnsins.

Að nemandi geri sér grein fyrir mikilvægi menntunar.

Að nemandi geri sér grein fyrir því að orð og athafnir hafa afleiðingar.

Að nemandi skilji hvers vegna það er mikilvægt að ganga vel um náttúru og umhverfi.

Að nemandi geti tekið þátt í samræðu og samstarfi í jafningjahópi með því að hlusta og bera virðingu fyrir skoðunum annarra auk þess að geta tjáð eigin skoðanir og þekkingu.

Að nemandi skilji mikilvægi þess að sýna tillitssemi og virðingu í samskiptum.

Námsefni

„Rúnar góði“ barnabók, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, vinnumappa, verkefnablöð, vinnu- og teikniblöð, blýantar og litir. Einnig kíkjum við í valdar barnabækur með boðskap í takt við markmiðin.

Verkfærakista með verkefnum um bangsann Blæ.

Leiðir að markmiðum

Útlistunarkennsla; kennari leggur inn efni og útskýrir, fræðir og vekur til umhugsunar.

Umræðu- og spurnaraðferðir; notaðar verða hópumræður, umræður í þörum og minni hópum. Með þessu þjálfast nemendur í að tjá sig, rökræða og taka tillit til annarra.

Myndræn tjáning, börn tjá hugmyndir sínar með teikningum. Hvatt er til skapandi hugsunar og tjáningar.

Hópvinnubrögð; nemendur vinna hópverkefni með það að markmiði að ráða ráðum sínum og komast að sameiginlegri niðurstöðu.

Námsmat

Mat á umræðum og samræðum nemenda: Þetta byggir á virkni í tímum en kennari leggur áherslu á að allir nemendur séu virkir í tímum og umræðum og tryggir að allir fái tækifæri til að tjá sig. Kennari leggur sífellt mat á virkni og skilning og skráir hjá sér.

Mat á verkefnum og vinnumöppunni í heild.

Markmið

Að nemendur:

- tileinki sér hreinlæti við heimilisstörf
- kunni skil á einföldum mælieiningum
- kunni að nota mæliskeiðar og desilítramál
- Kunni að beita borðhníf við að skera matvæli
- kunni að vinna eftir einföldum uppskriftum
- kunni skil á hollum og óhollum mat
- kynnist fæðuflokkunum og fæðuhringnum
- þjálfist í samvinnu

Námsefni

Gott og gaman, heimilisfræði fyrir byrjendur, ásamt uppskriftum frá kennara.

Leiðir að markmiðum

Kennari leiðbeinir nemendum með innlögnum, sýnikennslu og fræðslu og aðstoðar síðan við verkefni eftir þörfum. Nemendur vinna saman í fámennum hópum og þjálfast þannig í samvinnu, verkaskiptingu og samábyrgð.

Námsmat

Í lok hverrar kennslulotu metur kennari frammistöðu hvers nemanda, á þar til gert námsmatsblað. Gengið er út frá markmiðum námsgreinarinnar, auk þess sem virkni, framkoma og hegðun í kennslustundum er metin.

Markmið

Að nemendur:

- Þekki og virði öryggisatriði og öryggisbúnað í smíðastofunni
- Temji sér góðar umgengis- og vinnureglur
- Þjálfist í samvinnu og mikilvægi góðrar umgengni um verkfæri, áhöld, verkefni sín og annara.
- Þekki hefilbekk og þjálfist í notkun hans og nokkurra verkfæra s.s.
- hamar, þjöl, sandpappír og yfirborðsmeðhöndlun
- Geti gert grein fyrir því efni sem þeir fá í hendur og nýtt það vel
- Þjálfist í fínhyfingum
- Efli frumkvæði og skapandi starf

Námsefni

Leiðir að markmiðum

Reynt er að hafa verkefni fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni.

Verkefni eru gjarnan kynnt nemendum með sögum og/eða myndum, tilbúnum hlutum og spjalli, þá er stutt sýnikennsla og loks gengur kennari á milli og aðstoðar nemendur.

Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum.

Rík áhersla er lögð á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og efli sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

Námsmat

Námsmat byggist á leiðsagnamati, sjálfsmati og lokamati.

Markmið

Markmiðin í textíl taka viðmið af þekkingu, leikni og hæfni sem eru lykilhugtök aðalnámskrár grunnskóla.

Þekking

að nemandi:

- kynnist áhöldum og efnum tengdum greininni
- kynnist einföldu útsaumsspori
- kynnist nokkrum aðferðum greinarinnar
- heyri um nokkur hugtök tengd greininni

Leikni

að nemandi:

- þjálfist í að beita nokkrum áhöldum greinarinnar
- æfi sig í að sauma þræðispor
- öðlist færni í að vefa
- þjálfist í að snúa snúru
- læri að gera dúsk

Hæfni

að nemandi:

- að nemandi: upplifi sköpunargleði og virki hugmyndaflugið
- sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og geti unnið eftir fyrirmælum kennara
- beri ábyrgð á sínu námi og sé virkur í kennslustund
- beri ábyrgð á að ganga vel um vinnurými

Verkefni:

Kennari leggur mikla áherslu á að laða fram sköpunarkraftinn í nemendum með það að markmiði að þeir efli sína sjálfsmynd og öðlist aukna trú á eigin getu.

Svo að nám fari vel fram verður okkur að líða vel og mun kennari því leitast við að skapa hlýlegt og vingjarnlegt umhverfi sem veitir nemendum öryggi og innblástur.

Óróakarl, Dúskabroddgöltur, Vefur, hveitibatík, þrykk.

Námsefni

Nemendur fá munnlegar leiðbeiningar og sjá sýnishorn svo að þeir viti til hvers er ætlast.

Efni:

Garn, filtefni, ullarkemba, perlugarn, perlur og pallíettur.

Áhöld:

Vefgrindur, nálar, skæri, vefnálar, títuprjónar, dúskamót

Leiðir að markmiðum

Nemendur vinna fjölbreytt verkefni sem eiga að miðast við getu hvers og eins.

Kennari velur verkefni og sýnir þeim aðferðir og rétt vinnubrögð.

Nemendur geta útfært verkefni eftir sínu hugmyndaflugi og smekk og gefur þá kennari ráðleggingar.

Ef tími gefst þá fá nemendur að vinna eitthvað frjálst í lokinn á lotunni eða að allur hópurinn ákveður að vinna verkefni sem að tekur þá stuttan tíma.

Áhugasamir nemendur geta alltaf leitað til kennara ef þeir vilja aukaverkefni.

Kennsluáðferðir:

- Sýnikennsla
- Sköpun
- Verklegar æfingar
- Útlistunarkennsla
- Jafningjakennsla
- Leikir
- Umræðu og spurnaraðferðir

Lögð verður áhersla á fjölbreytta kennsluhætti.

Námsmat

Námsmat byggist á leiðsagnamati, sjálfsmati og lokamati.

Námsmatið er ætlað að vera leiðbeinandi og hvetjandi fyrir nemendur og til upplýsingar fyrir foreldra og forráðamenn.

Myndmennt

Markmið

Að þjálfa andlitsteikningu

Að geta notað mismunandi línur og form til að túlka myndræna frásögn.

Þjálfist í að nota hveitibatik.

Læri á tróð.

Námsefni

Veraldarvefurinn

Efni: pappír, blýantur, klessulitir, trélitir, bómullarefni, tróð, hveiti o.fl.

Leiðir að markmiðum

Nemendur nota fjölbreytileg efni, verkfæri og aðferðir við eigin myndsköpun.

Sýnikennsla er mest notuð við kennslu á aðferðum og verkfærum. Sköpun, verklegar æfingar, útlíunarkennsla og jafningjakennsla er einnig.

Námsmat

Munnlegt leiðsagnamat, sjálfsmat, lykilhæfnismat og lokamat.

Námsmatið er ætlað að vera leiðbeinandi og hvetjandi fyrir nemendur og til upplýsingar fyrir foreldra og forráðamenn.

Markmið

Að nemendur:

- geti skráð sig sjálfir í tölvurnar með notendanafni og lykilorði
- sitji rétt og halda rétt um músina
- opni forrit
- kynnist teikniáhöldum
- skrifi einfaldan texta
- breyti stærð og leturgerð
- vinni með hljóð
- vinni með hreyfingu
- þjálfi í að vista
- þjálfi í fingrafimi

Námsefni

- kennsluforrit
- word
- fingrafimi

Leiðir að markmiðum

Einstaklings- og paravinna

Námsmat

Sjálfsmat

Markmið

Að nemendur:

- Skilja siði í skólaíþróttum.
- Fara eftir umgengisreglum sundstaða og íþróttahúsa, og bera virðingu fyrir starfsmönnum íþróttahússins.
- Fara eftir fyrirmælum kennara.
- Framfylgja reglum í helstu leikjum.
- Að tileinka sér skipulagsform eins og að mynda röð, línu, hring, hóp.
- Unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.
- Sýna áhuga og taka virkan þátt í kennslustund.
- Sýna kurteisi og vinna vel með samnemendum sínum.
- Meðhöndla áhöld á réttan hátt og ganga frá þeim á öruggan hátt.
- Taka þátt í útivist og gera sér grein fyrir skólaumhverfi.

Námsefni

Ýmis áhöld og aðstaða í Ásgarði, sundlaug og íþróttasalur. Í útiíþróttum er notast við útisvæði og velli milli Flataskóla og Ásgarðs.

Leiðir að markmiðum

Unnið er eftir skipulaginu: Upphitun, aðalþáttur, niðurlag
Markmiðið er að læra í gegnum leik.

Námsmat

Lokamat og umsögn í námsmati að vorönn.

Mat á heildarframmistöðu yfir skólaárið. Eftirfarandi þættir metnir; virkni, hegðun, áhugi, samvinna og æfingar með og án bolta.

Markmið

Samræmd markmið fyrir 1. bekk eru:

Að nemendur:

- geti staðið í botni í grynri hluta laugar og andað að sér, andlit fært í kaf og andað frá sér. Endurtekið 10 sinnum.
- geti flotið á bringu eða baki með eða án hjálpartækja.
- gangi með andlit í kaf 2,5 metra eða lengra.
- noti skriðsundsfótatök með eða án hjálpartækja.
- noti bringusundsfótatök við bakka með eða án hjálpartækja.

Námsefni

Ýmis áhöld og aðstaða í sundlauginni í Ásgarði. Sundkennsla er einungis verkleg.

Leiðir að markmiði

Nemendur fá kennslu einu sinni í viku, farið er yfir og æft sundtökin.

Námsmat

Námsmat er afhent 2 sinnum yfir veturinn sem umsögn. Á haustönn eru færni, viðhorf og hegðun skoðuð ásamt framvindu í þeim markmiðum sem þarf að ná þegar sundstigið er tekið. Á vorönn er virkni í tímum, hegðun og sundfærni metin.

Einnig eru samræmd markmið fyrir 1. bekk metin með umsögninni: Markmiði náð – kominn vel áleiðis – markmiði ekki náð/þarfnast frekari þjálfunar.